

Beiðni um úrskurð vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

Ábyrgðaraðili / ábyrgðaraðilar erindis: <input type="checkbox"/> Skólameistari <input checked="" type="checkbox"/> Kennari / Kennarar	Dagsetning tilvísunar 19.10.2015
Nafn skóla Verkmenntaskólinn á Akureyri VMA	Símanúmer skóla 4640300
Skólameistari Hjalti Jón Sveinsson	Netfang Hjalti@vma.is
Kennari / KennararX	NetfangX
Áfangaheiti og áfangalýsing (vefslóð) Hér fyrir neðan er slóð á allar námsáætlanir áfanga sem eru kenndir í VMA haustið 2015. Í hverri námsáætlun er að finna áfangalýsingu ásamt öðru sem viðkemur áfanganum https://www.vma.is/is/moya/page/haustonn-2015	
Ágreiningsefni Myndlistargreinar á listnámsbraut í VMA LIME2ML06 fagbóklegur áfangi nemendaviðmið 15 (bæði verklegt og bóklegt). LIM113 Í Frávik álag á heildarvinnu / skortur á kennsluefni LIM203 fagbóklegt nemendaviðmið 15 MYL103 verklegt viðmið 12 nem. Vegna umfangs verkefna og takmarkaðs rýmis. (módelteikning -trönur) Myl 203 verklegt viðmið 12 nem. Framhaldsáfangi í módelteikningu, það sama á við og sagt er hér að ofan. Myl 223 (Ljósmyndun) Verklegt, hámark 12 nem. Vegna tækjakosts, yfirferð á tækjum og tólum bæta 4 tímum í önnur vinna 'háð nem.fj. Samtals 22. klst. Myl303 Verklegt viðmið 12 nem. vegna umfangs verkefna. (samkennt með HTL503) Myl411 Verklegt viðmið 12 nem. (portfolio/möppugerð) Myl 504 Verklegt Hámark 15 nemendur vegna takmarkaðs rými í stofu og umfangs verkefna. Myl 603 Sama og HTL 603 Verklegt nem. fj. 12. Mys 302 Í Frávik: álag á heildarvinnu / skortur á kennsluefni Mys 403 Í Frávik: álag á heildarvinnu / skortur á kennsluefni	
Sent á formann vinnumatsnefndar <input type="checkbox"/> Starfsnám 1: Helga Jóhanna Baldursdóttir helgajo@idnskolinn.is <input checked="" type="checkbox"/> Starfsnám 2 og listgreinar: Gréta Mjöll Bjarnadóttir greta@fa.is <input type="checkbox"/> Félagsgreinar / Íþróttir / Starfsbrautir: Lára Stefánsdóttir lara@mtr.is <input type="checkbox"/> Tungumál / Íslenska: Halldóra Sigurðardóttir hals@mh.is <input type="checkbox"/> Raungreinar / Stærðfræði: Lárus H. Bjarnason larushb@mh.is	Fylgigögn <input type="checkbox"/> Vinnumat kennara <input type="checkbox"/> Vinnumat skólameistara <input type="checkbox"/> Önnur gögn:

Vinnumatsnefndir áskilja sér rétt til að kanna sjónarmið um vinnumat áfangans hjá aðilum málsins og kalla eftir frekari gögnum.

Úrskurður vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

Vinnumatsnefnd 2 Starfsnám 2 og listgreinar	Málsnúmer 3
Nafn skóla Verkmenntaskólinn á Akureyri VMA	Áfangageiti Ágreiningsefni - myndlistargreinar á listnáms- braut í VMA - sjá heiti áfanga á meðf. beiðni
Dagsetning sem málið barst 19.10.2015 en beiði með afgreiðslu vegna úrskurðar svipaðs máls til vinnu- matsnefndar 1 einnig frá VMA	Dagsetning úrskurðar 21. desember 2015
<p>Niðurstaða vinnumatsnefndar</p> <p>Það mun ekki vera í verkahring vinnumatsnefnda að álykta um skilgreiningu námsáfanga í reiknilíkani en hins vegar er það hlutverk þeirra að skilgreina inntak og umfang einstakra hluta vinnumatsins og að skera úr ágreiningu um vinnumat námsáfanga einstakra skóla samanber viðauka 2. með kjarasamningi frá 4. apríl 2014.</p> <p>Þegar innihald og uppbygging þessara áfanga er skoðuð nánar má sjá að þeir hafa flestir verið hugsaðir og byggðir upp sem verklegir áfangar og verið kenndir í stofum ætlaðar 12 nemendum.</p> <p>Hvað viðkemur úrskurðarbeiðni kennara við VMA frá 1.10. 2015 vegna sambærilegs máls til vinnumatsnefndar 1 þá leitaði vinnumatsnefnd 1 álits hjá skólameistara VMA varðandi flokkun áfanga. Afstaða hans er í meginatriðum sú sama og kennara við skólann en hins vegar telur skólameistari ekki mögulegt að fara út fyrir þær skilgreiningar er varða flokkun áfanga sem ráðuneytið hefur gefið út. Vinnumatsnefnd 2 horfir til þess máls við álit sitt 21.12. 2015.</p> <p>Vinnumatsnefnd 2 leggur til að áfangarnir verði flokkaðir samkvæmt innihaldi og uppbyggingu. Einnig að tekið verði fullt tillit til faglegrar reynslu, þekkingar og óska kennara og skólayfirvalda. Ekki er hægt að horfa framhjá þeim veruleika sem aðstaða s.s. húsnæði og tækjakostur setur hópstærðum hverju sinni. Það eru aðstæður sem ekki eru á valdi tilfallandi kennara hverju sinn og eiga því ekki að hafa stýrandi áhrif á kjör viðkomandi.</p> <p>Vinnumatsnefnd 2 telur afar brýnt að farið verði yfir flokkun náms á starfsmenntasviði með tilliti til skilgreiningar á því hvaða áfangar teljist verklegir, hverjir fagbóklegir og hverjir til listgreina. Við endurskoðun flokkunar verður að hafa í huga þær breytingar á innihaldi og eðli áfanga sem hafa orðið með námskrárbreytingum. Gagnkvæmir hagsmunir kalla á að allir hlutaðeigandi komi að endurskoðun flokkunar.</p> <p>Vegna ýmissa sértækra mála áfanga sem hafa komið til úrskurðar vinnumatsnefnda s.s. umsjón tækja og kennslustofa, vöntun á kennsluefni, mismunandi gerð og samsetning nemendahópa, og oft í kjölfarið brottfall, er mikilvægt að samningsaðilar taki til nánari skoðunar mál sem snerta 7. gr. samnings.</p> <p>f.h. vinnumatsnefndar 2. Greta Mjöll Bjarnadóttir</p>	
<p>Framvinda máls:</p> <p><input checked="" type="checkbox"/> Mál afgreitt</p> <p><input type="checkbox"/> Máli vísað til úrskurðarnefndar</p>	